

STARFSÁÆTLUN 2023

Starfsáætlun – hér er gerð grein fyrir helstu verkefnum ársins 2023. Áætlunin er hugsuð sem rammi utan um kjarnastarfsemi og önnur verkefni sem skjalasafnið kemur að. Ný stefnumótun og markmið ársins koma að hluta fram í áætluninni, en fjöldi fyrirspurna, erinda, fjöldi umfang og frágangur afhendinga ráða miklu um framgang verkefna sem ekki eru skilgreind sem hluti af kjarnastarfsemi skjalasafnsins.

STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn héraðsskjalasafnsins skipa:
Gestur Þór Kristjánsson formaður, Sv. Ölfus
Brynhildur Jónsdóttir, Sv. Árborg
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins:
Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður
Guðmunda Ólafsdóttir yfirsksjalavörður
F. Elli Hafliðason, skjalavörður
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir, verkefnaráðning

Athugasemdir

Fastráðnir starfsmenn eru þrír.

Starfsmenn koma að stóru samstarfsverkefni ásamt Umhverfis- og tækni- og Uppsveita Árnessýslu. Verkefnið tengist innskönnun, flokkun og skráningu á skjölum UTU. Samið var um þetta verkefni til sex ára og er verkefnið unnið á árunum 2018-2023.

Verkefnastyrkir vegna miðlunar o.fl. frá Þjóðskjalasafni Íslands og Uppbyggingasjóði Suðurlands. Skv. fjárhagsáætlun 2023 var gert ráð fyrir 2.000.000,- í styrkfé, 1.500.000,- frá Þjóðskjalasafni og 500.000,- frá Uppbyggingasjóði. Umsjón og verkefnastýring verður í höndum fastráðinna starfsmanna.

Héraðsskjalasafnið tekur að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir fjögur sveitarfélög innan sýslunnar auk einnar stofnunar. Þetta er spennandi viðbót við þá þjónustu sem safnið sinnir og mun styrkja safnið þegar til lengri tíma er litið. Ekki er hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að skjalavarsla og vinnsla persónuupplýsinga er nátengd og þetta fyrirkomulag getur styrkt og bætt vinnslu persónuupplýsinga og skjalavörslu.

Nú er gert ráð fyrir fjórum starfsmönnum. Þessi aukning tengist fyrst og fremst aukinni áherslu á ráðgjöf, eftirlit, gerð verkferla og stórum verkefnum sem tengjast stafrænni vegferð sveitarfélaga, tilkynningu á rafrænum gagnasöfnum, móttöku og vörslu á rafrænum gagnasöfnum sem og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga. Frá og með 1. apríl er búið að ráða verktaka í ákveðin verkefni sem tengjast langtíma vörslu rafrænna gagnasafna sveitarfélaga. Þetta er 25% stöðuhlutfall og rennur sá samningur út 31.12.2023.

Þá er ljóst að fjórði starfsmaðurinn nýttist vel verði skjalasafnið flutt í nýtt húsnæði. Beðið var með QR kóða merkingar/strikamerkingar á árinu 2022 en farið verður í QR kóða merkingar/strikamerkingar á safnkosti á árinu 2023.

Starfsmaður í sérverkefnum getur ekki verið einn af fastráðnum starfsmönnum safnsins. Ef horft er til miðlunarþáttarins er ljóst að minnst eitt þarf til vegna áframhaldandi miðlunar, umsýslu á vef, ábendinga, skönnunar og skráningar á ljósmyndum og skjölum á vef. Sérverkefni og sértekjur geta kostað starfsmann í 0,5 stöðugildi á ársgrundvelli ef fullar heimtur verða á öllum verkefnum sem skjalasafnið kemur að.

MÓTTAKA SKRÁNING OG AÐGENGI

Héraðsskjalasafnið tekur við, heimtir inn og varðveitir skjöl frá afhendingarskyldum aðilum. Þessi skjöl hafa þýðingu fyrir stjórnarsýsluna, varða hagsmuni og réttindi borgara auk þess að hafa sögulegt gildi. Skjalasafnið skal tryggja að skjölin séu skráð í samræmi við alþjóðlega staðla og að þau séu aðgengileg stjórnvöldum, almenningi og fræðimönnum.

Skráning á afhendingum 2023 í samræmi við ISAD-G og ISDIAH staðla.

Endurskráning á afhendingum 1999, 2000 auk óskilgreindra afhendinga í samræmi við ISAD-G og ISDIAH staðla.

Nokkrar stórar skjalaafhendingar frá fyrri árum þarf að endurskrá skv. stöðlum. Þar má helst nefna:

- Skjöl Sveitarfélagsins Ölfus 2012/66 sem þarf að endurskrá og skipta út umbúðum. Þarf að tala við forsvarsmenn hjá Sveitarfélaginu Ölfuss vegna þessa. Enn hefur ekki gefist tækifæri til að endurskrá þessa afhendingu.

Ýmist er tekið á móti skjölum á Austurvegi 2 eða í Háheiði 9. Það fer eftir stærð afhendinga o.fl. Nú ræður stærð nokkru um hvar nýjar afhendingar eru staðsettar. Um 150-200 hillumetrar er nú varðveitt á Byggðasafni Árneseinga tímabundið.

Horft verður til þess að nýta greiningu og samstarf Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar og Árneseinga við þróun á nýju skráningarviðmóti sem tekur mið af ISAD-G, ISAAR og ISDIAH. Þá mun öll skráning vera í sérstökum gagnagrunni og einfalt að kalla fram tölulegar upplýsingar og aðrar upplýsingar, miðla skjalaskrá á vef, panta skjöl o.s.frv. Þessi samvinna er mikilvægur hlekkur í sjálfvirknivæðingu og því að gera notendur safnkostsins enn meira sjálfbjarga en áður.

Setja þarf fram endurskoðaða áætlun um afritun safnkosts. Miðlunarverkefni þurfa að taka mið af mikilvægi skjala en heildarendurskoðun og framsetning á öryggisáætlun þarf að fara fram óháð aldri skjala. Þessa áætlun þarf að vinna á þriðja og fjórða ársfjórðungi ef hægt er. Styrkur vegna miðlunar á eldri skjölum hreppana nýtist vel í þessu sambandi.

EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF

Héraðsskjalasafnið skal hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum um opinber skjalasöfn, reglugerðum er ráðherra setur og reglum sem settar eru um framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalahalds. Þá skal skjalasafnið veita skjalamyndurum ráðgjöf um hvernig skjalavörslu og skjalahaldi verði sem best háttað. Afhendingarskyldum aðilum er skylt að haga skjalahaldi og skjalavörslu með þeim hætti sem settar eru fram í reglum Þjóðskjalasafns Íslands. Forstöðumaður ber ábyrgð á skjalahaldi og skjalavörslu

Þeirrar stofnunar sem hann veitir forstöðu og skal hann grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda afhendingarskyld skjöl fyrir ólöglegri eyðingu, breytingu eða ólöglegum aðgangi.

Þessi verkþáttur tekur mun meiri tíma nú eftir breytingar á lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Af þessu er umtalsverður kostnaðarauki fyrir sveitarfélög, en kostnaðarmat hefur ekki farið fram.

Málalýklar og skjalavistunaráætlanir sveitarfélaga og stofnana

Unnið að gerð skjalavistunaráætlana, endurskoðunar skjalavistunaráætlana og sveitarfélög og stofnanir hvattar til að skrá mál skv. samþykktum málalýklum en skráning mála lögboðin skv. 2. tl. 23. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, sjá einnig 26. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og reglur um skráningu mála og málgagna afhendingarskyldra aðila nr. 85/2018.

Ætlunin er að fjölga þeim stofnunum sem vinna með samþykktu skjalavistunaráætlanir og samþykktu málalýkla um 5-8% á árinu. Rúmlega helmingur afhendingarskyldra aðila uppfyllir þá þessa lagaskyldu.

Rafræn eftirlitskönnun með skilaskyldum aðilum

Gerðar hafa verið fjórar rafrænar eftirlitskönnunir, árin 2016, 2017 og 2020. Á árinu 2021 var unnið úr niðurstöðum könnunarinnar frá 2020 og þær sendar til allra stofnana. Í nóvember 2021 var send út rafræn könnun sem náði aðeins til rafrænna gagnasafna afhendingarskyldra aðila. Í ljósi lélegrar þátttöku skjalamyndara var ákveðið að vinna ekki frekar með þær niðurstöður sem bárust. Á árinu 2023 verður unnið að kortlagningu rafrænna gagnasafna allra afhendingarskyldra aðila til að fá yfirsýn yfir fjölda rafrænna kerfa og eins vegna varðveislumats upplýsingum í þeim kerfum sem unnið er með.

Formlegar eftirlitsheimsóknir

Listi yfir afhendingarskylda aðila verður endurskoðaður og í kjölfarið farið í formlegar heimsóknir til um nokkurra þessara aðila. Gátlistar notaðir við heimsóknir. Tilgangur heimsókna/eftirlitsheimsókna að bæta skjalavörslu og gera stjórnendur meðvitaða um stöðu mála, skjalavörsluábyrgð o.s.frv. Þessar heimsóknir muni fyrst og fremst tengjast kortlagningu rafrænna gagnasafna.

Langtíma varðveisla rafrænna gagna

Á héraðsskjalasafninu verður farið í margvíslega forvinnu vegna kortlagningar, tilkynninga og undirbúning fyrir langtímavarðveislu rafrænna gagna sveitarfélaga. Þessi vinna er hafin og nú er verið að vinna með nokkrum afhendingarskyldum aðilum að tilkynningum á rafrænum gagnakerfum, sjá skýrslu stýrihóps héraðsskjalavarða um Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu, sjá aftast.

ÞJÓNUSTA, MIÐLUN OG KYNNINGARMÁL

Héraðsskjalasafnið svarar á hverju ári milli 1000 og 1200 fyrirspurnum og erindum. Um 33% fyrirspurna og erinda eru frá sveitarfélögunum eða stofnunum þeirra. Lán á lestrarsal eru um 100 á ári. Reglulega eru haldnir greiningarfundir á ljósmyndum sem fjöldi íbúa sækir. Þá stendur skjalasafnið árlega fyrir eða kemur að sýningum auk þess að miðla safnkostinum á vef.

Afgreiðsla og fyrirspurnir - er sinnt jafn óðum og reynt að tryggja að afgreiðsla mála tefjist ekki. Ef það gerist er vinnureglan sú að upplýsa um ástæður tafa.

Frágangur og útprentun skjalaskráa – liggja fyrir á lestrarsal útprentaðar og á vef. Það þarf að bæta bókakost safnsins til að það gagnist betur.

Opnunartími á lestrarsal er óbreyttur:

Mánudagar: 9-16

Þriðjudagar: 9-16

Miðvikudagar: Lokað

Fimmtudagar: 9-16

Föstudagar: 9-16

Mikilvægt að hafa í huga að fyrirspurnum og erindum er svarað alla daga á vinnutíma starfsmanna skjalasafnsins.

Árið 2016 var vefsíða safnsins endurnýjuð og árið 2017 var unnið að endurnýjun á ljósmyndavef. Heimasíðan var aftur uppfærð 2018 vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Árin 2019-2022 voru ljósmyndavefur, miðlunarvefur og skjalaskrár vefur uppfærðir reglulega. Leitarbærni bætt, möguleikar á útprentunum o.fl. sem gerði vefinn enn notaendavænni en áður. Þessi vinna er hluti af kjarnastarfsemi safnsins og sinnt skv. því. Vinna við uppfærslu og bestun á vefviðmóti er verkefni sem alltaf er í endurskoðun. Á árinu 2023 verður engin breyting þar á. Horft er til þess að miðlun ljósmynda, skjala, og skjalaskráa taki mið af þeim kröfum og þeirri ásýnd sem almenningur á að venjast þegar farið er á vefinn.

Á árinu 2023 verður opnað fyrir möguleika á því að panta skjöl á lestrarsal og panta skjöl í millisafnalán í gegnum miðlunarvef safnsins og verkhönnun vegna fyrsta áfanga á strikamerkingum á safnkosti ljúki. Sú vinna er um leið mikilvægur vegna flutninga á safnkostinum í framtíðarhúsnæði.

Sótt verður um miðlunarstyrki til Þjóðskjalasafns Íslands en reiknað er með því að sækja um fimm styrki.

Þá verður sótt um styrk til Uppbyggingasjóðs Suðurlands vegna samráðs/samstarfsfunda íbúa og starfsmanna skjalasafnsins vegna greiningar á ljósmyndum í vörslu skjalasafnsins. Þetta er spennandi verkefni og af fenginni reynslu er ljóst að þessir fundir bæta skráningu og bæta ásýnd héraðsskjalasafnsins.

Þá styrkir Sveitarfélagið Árborg ljósmyndaverkefni skjalasafnsins um 1.650.000,-. Reikna má með því að eitt stöðugildi tengist miðlunarverkefnum, kynningum og sýningarhaldi árið 2023.

SÖFNUN EINKASKJALASAFNA

Héraðsskjalasafnið tekur við og safnar skjölum einstaklinga, félaga og fyrirtækja sem hafa tengsl við Árnessýslu. Mikilvægt er að einkaskjöl séu varðveitt, ekki síður en opinber skjöl, til að tryggja vitnisburð um

fyrri tíma. Skipuleg söfnun og varsla einkaskjalasafna tryggir heildrænni vitnisburð um samfélagið. Einkaskjöl geta innihaldið upplýsingar um margvísleg réttindi t.d. eignarétt, fjárhags- og starfsréttindi.

Aðfangastefna einkaskjalasafna sem tók gildi 1. janúar 2017 var endurnýjuð og uppfærð 1. janúar 2022. Hún gildir til 31. desember 2026. Hana er hægt að endurskoða ef þurfa þykir á gildistímanum.

RANNSÓKNIR

Opinber skjalasöfn eiga að gangast fyrir rannsóknnum sem tengjast safnkosti skjalasafna eftir því sem fjárheimildir leyfa hverju sinni og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar og byggðarlaga.

Stjórnsýslulegar greinargerðir sem unnar eru með öllum opinberum afhendingum auk annarrar vinnu vegna skráningar eru skilgreindar sem rannsóknir þó svo að greinargerðirnar séu ekki gefnar út. Greinargerðir eru einnig unnar með öllum öðrum afhendingum sem héraðsskjalasafninu berast og eru þær í sumum tilfellum eini sagnfræðilegi vitnisburður sem tekin hefur verið saman um starfsemi, rekstur og/eða lífshlaup skjalamyndara.

Þá er nokkrum tíma varið í annarskonar rannsóknarvinnu sem fer fram vegna afgreiðslu fyrirspurna og erinda. Sýningarhald þ.m.t. gerð texta og annað er flokkað sem rannsóknir og er sú vinna að hluta til gerð opinber, birt á sýningum.

Á árinu verður er ætlunin að huga frekar að miðlun og um leið á ákveðinni úrlausn og kynningum á heimildum og greiningu á skjölum sveitarfélaga sem búið er að afhenda til vörslu. Mikilvægt er að fá yfirlit yfir skjöl sveitarfélaga m.t.t. þess hvort ákveðna skjalaflokka vanti o.s.frv. Þessi rannsóknarvinna er sérstaklega mikilvæg í ljósi vilja og áhuga kjörinna fulltrúa á að hefja rafræn skil á skjölum sveitarfélaga.

Þá þarf að gefa starfsfólki möguleika á að skoða verkefni þar sem safnkostur héraðsskjalasafnsins er rannsóknarefni. Nokkur slík verkefni eru fyrirhuguð, s.s. greining á eldi skjölum hreppa vegna miðlunar, skólaverkefni sem styrkur hefur fengist til o.fl.

HÚSNÆÐIS- OG ÖRYGGISMÁL

Héraðsskjalasafn Árnesinga varðveitir rúmlega 1,2 hillukílómetra (hkm) af skjölum. Meginstarfsemi skjalasafnsins er í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar við Austurveg 2 á Selfossi og þá á skjalasafnið geymslur í Háheiði 9 á Selfossi. Starfsemin var flutt í Ráðhúsið 1991 þar sem skjalasafnið er staðsett á jarðhæð og í kjallara þar sem eru tvær skjalageymslur.

Á næstu 30 árum má gera ráð fyrir því að skjalasafnið taki við um 2 hkm af pappírsskjölum frá afhendingarskyldum aðilum. Endanlegur fjöldi hillumetra ræðst annarsvegar af rafrænum skilum sveitarfélaga og hins vegar af grisjun á pappírsskjölum í samræmi við gildandi reglur þar um.

Núverandi húsnæði skjalasafnsins var fullnýtt 2019 og árið 2020 var farið að geyma skjöl á vörubrettum. Nú eru 10 vörubretti varðveitt á Byggðasafni Árneseinga. Þetta var gert til að tryggja að safnið gæti áfram tekið á móti pappírsskjölum. Þetta er tímabundin lausn og mikilvægt að það finnist farsæl lausn á húsnæðisvanda safnsins.

Umræður um varðveislu á starfrænum öryggisafritum eru hafnar og tengjast samstarfi héraðsskjalasafna og mögulegri hýsingu á rafrænum gagnasöfnum á nokkrum lykilsöfnum hringinn í kringum landið. Á árinu verður skoðað hvort og þá með hvaða hætti mögulegt er að tryggja ISO 27001 gagnaöryggisvottun.

STJÓRNUN, REKSTUR OG FJÁRMÁL

Héraðsskjalasafn Árneseinga mun forgangsráða verkefnum með þeim hætti að mannauður og fjármunir til reksturs safnsins nýtist sem best.

Áframhaldandi vinnu við verkferla og verkþókhald haldið áfram. Áfram verður unnið að handbók um ferla innan skjalasafnsins – mikilvægt er að festa óskrifada ferla í sessi til að tryggja samfellu og gegnsæi í þeim stjórnsýslulegu ákvörðunum sem eru teknar.

SAMSTARF VIÐ OPINBER SKJALASÖFN

Héraðsskjalasafn Árneseinga skal í samræmi við lög skila Þjóðskjalasafni Íslands skýrslu um starfsemi skjalasafnsins og láta því í té aðrar upplýsingar vegna eftirlits. Gott samstarf við önnur opinber skjalasöfn um fagleg málefni er mikilvægt til að samræma eins og kostur er ýmsa þætti í starfsemi skjalasafnanna.

Héraðsskjalasafnið er í formlegu samstarfi við héraðsskjalasöfnin á Akranesi, á Höfn, í Kópavogi, í Mosfellsbæ auk þess að vera í góðu samstarfi við Héraðsskjalasafn Dalabyggðar og Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga um miðlun, eftirlit- og ráðgjöf.

Þá hafa öll héraðsskjalasöfn undirritað samstarfsyfirlýsingu vegna móttöku rafrænna gagnasafna og rekstur á sameiginlegu móttökuveri og öll héraðsskjalasöfnin vinna nú sameiginlega að rekstri móttökuvers og því að tryggja að sveitarfélögin geti tilkynnt og skilað rafrænum gagnasöfnum.